

L Ö G

11

9. febr.

um sölu nokkurra jarðeigna í opinberri eigu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtalдар fasteignir:

- a. Prestssetursjörðina Kollafjarðarnes í Fellshreppi í Strandasýslu.
- b. Prestssetursjörðina Stað í Hrófborgshreppi í Strandasýslu.
- c. Ásmundareyjar í Kaldrananeshreppi í Strandasýslu.
- d. Eyðijörðina Kolgrafarsel í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu.

Jarðirnar Kollafjarðarnes og Staður seljist ábúendum þeirra með því skilyrði, að þær verði jafnframt gerðar að ættaróðali, en Ásmundareyjar seljist eiganda Ásmundarness. Söluverð þessara fasteigna skal ákveðið með mati dómkvaddra manna, enda sé við mat tekið tillit til þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir sölu Kollafjarðarness og Staðar.

Vilji einhver þeirra, sem forkaupsrétt hefur að fasteignunum, sem talдар eru í staflidunum a—c, ekki nota rétt sinn, er heimilt að selja þær hæstbjóðanda, að óbreyttum áðurnefndum skilyrðum.

Andvirði hinna seldu eigna, sem talдар eru í a—c-lið 1. málsg., skal ráðstafa samkvæmt 7. gr. laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla.

Eyðijörðin Kolgrafarsel seljist ábúanda jarðarinnar Kolgrafa í sömu sveit fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

12

9. febr.

um breyting á lögum nr. 91/1952, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við c-lið 3. gr. laganna komi tveir nýir staflidir, svo hljóðandi:

- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.